

Leikskólinn Klappir



Söngmappa fyrir yngri nemendur

Efnisyfirlit yfir lögunum okkar

Dýralögin okkar	4
Babú, babú.....	4
Bjarki rútubílstjóri	4
Bjarnastaðabeljurnar	6
Ding Dong	6
Fimm litlir apar	7
Fiskalagið.....	7
Hani, krummi, hundur, svín	8
Hákarlagið	8
Kalli litli könguló	9
Kisan mín.....	9
Krummi krunkar úti.....	9
Krumminn á skjánum	9
Könguló á gólfinu	10
Köngulóin með átta fætur.....	10
Litlu andarungarnir	10
Nú skal syngja um dýrin	11
Ugla	11
Upp á grænum, grænum.....	11
Ýmis skemmtileg lög sem sungin eru allt árið í kring.....	12
Bangsi lúrir	12
Bátasmiðurinn	12
Blómið fína	13
Datt í kolakassann	13
Ég get	13
Gúmmístígvél.....	14
Göngum, göngum	14
Hér búálfur á bænum er.....	15
Hvar ert þú?	15
Lagið um heimsálfurnar	15
Lagið um líkamann.....	16
Litalagið	16
Meistari Jakob.....	16

Rammsammsamm.....	16
Stóra brúin	17
Stökur	17
Tröllalagið	18
Upp á fjall.....	18
Við klöppum öll.....	18
Það búa litlir dvergar	18

Dýralögin okkar

Babú, babú

Babú, babú brunabíllinn flautar.
Hvert er hann að fara?
Vatn á eld að sprauta
tss, tss, tss, tss
gerir alla blauta.
Mjámjá, mjámjá, mjálmar gráa kisa
hvert er hún að fara?
Út í skóg að ganga
uss, uss, uss, uss
skógarpröst að fanga.
Bíbí, bíbí, skógarpröstur syngur
hvert er hann að fara?
Burt frá kisu flýgur
víí, víí, víí, víí
um loftin blá hann smýgur.

Bjarki rútabílstjóri

Bjarki keyrir rútna
um alla sveit,
alla sveit,
alla sveit.
Bjarki keyrir rútna
um alla sveit.
Hver vill koma með?
Eldhressar endur!
Bjarki rúrustjóri segir:
“Komið inn!
Öll dýr eru
velkomin!”
Farið svo í sætin
og sitjið kyrr!
Nú leggjum við af stað!”

Endurnar í rú-ú-tunni
segja “bra!”
“Bra, bra, bra!”
“Bra, bra, bra!”
Endurnar í rú-ú-tunni
segja “bra!”
“Hver vill koma með?”
Glaðir grísir!
Bjarki rúrustjóri segir:

Næsta síða →

“Komið inn!
Öll dýr eru
velkomin!”
Farið svo í sætin
og sitjið kyrr!
Nú leggjum við af stað!”

Grísirnir í rú-ú-tunni
segja “groink!”
“Groink, groink, groink!”
“Groink, groink, groink!”
Endurnar í rú-ú-tunni
segja “bra!”
Hver vill koma með?
Kurteisar kýr!
Hreykinn hestur!
Hlæjandi hænsni!
Kung Fu Panda!
Bjarki rútustjóri segir:
“Komið inn!
Öll dýr eru
velkomin!”
Farið svo í sætin
og sitjið kyrr!
Nú leggjum við af stað!”

Kýrnar í r-ú-útunni
segja “muh!”
Hesturinn segir
“Íhí-hí-hí”
Hænsnin segja
“Gok! Gok! Gok!”
út! um alla sveit.

Kung Fu Panda
segir “Sjóng, sjúng, sjang”
Grísirnir segja
“Groink-groink-groink”
Endurnar í rú-ú-tunni
segja “bra!”
“Hver vill koma með?”
Kátar kindur!
Bjarki rútustjóri segir:
“Komið inn!
Öll dýr eru
velkomin!”
Farið svo í sætin (upp á þakið)
og sitjið kyrr!
Nú leggjum við af stað!”

Næsta síða →

Kindurnar í rú-ú-tunni
segja “meeh”
“Meeh-meeh-meh!”
“Meeh-meeh-meh!”
Kindurnar í rú-ú-tunni
segja “meeh”
út! um alla sveit.

Bjarki keyrir rútna
um alla sveit,
um alla sveit,
um alla sveit.
Bjarki keyrir rútna
um alla sveit.
Allir eru með!

Bjarnastaðabeljurnar

Bjarnastaðabeljurnar,
Þær baula mikið núna.
Þær eru að verða vitlausar
Það vantar eina kúna.
Það gerir ekkert til.
Það gerir ekkert til.
Hún kemur um miðaftansbil.

Ding Dong

Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag,
ding, dong, sagði lítill grænn froskur.
Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag,
og svo líka, ding, dong – spojojojjong!

Mm, ðð, sagði lítill græn eðla einn dag, (blikka augunum til skiptis)
Mm, ðð, sagði lítill græn eðla.
Mm, ðð, sagði lítill græn eðla einn dag,
og svo líka, mm, ðð – bllrrllrrllrr! (reka út úr sér tunguna)

King, kong, sagði stór svartur api einn dag,
king, kong, sagði stór svartur api.
King, kong, sagði stór svartur api einn dag,
og svo líka king, kong – gojojjojjo! (Slá með hnefum í bringuna)

Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu uppi í tré
Þeir voru að stríða krókódíl: "Þú nærð ekki mér!"
Þá kom hann Herra Krókódíl
svo hægt og rólega og... AMMM!
Fjórir litlir apar... o.s.frv
Foli foli fótalipri
Foli, foli fótalipri,
flýttu þér nú heim að bæ.
Foli, foli fótalipri,
flýttu þér nú heim að bæ.
Tra-rí, rallalla,
flýttu þér nú heim að bæ.

Heima mun þín heyið bíða
en hjá mömmu koss ég fæ.
Heima mun þín heyið bíða
en hjá mömmu koss ég fæ.
Tra-rí, rallalla,
en hjá mömmu koss ég fæ.

Herðir hlaupin hlaupagarpur
hreint ei telur sporin sín.
Herðir hlaupin hlaupagarpur
hreint ei telur sporin sín.
Tra-rí, rallalla,
hreint ei telur sporin sín.

Aldrei hef ég heldur, Jarpur,
hafrastráin talið þín.
Aldrei hef ég heldur, Jarpur,
hafrastráin talið þín.
Tra-rí, rallalla,
hafrastráin talið þín.

Fiskalagið

Hafið þið heyrt söguna um fiskana tvo,
sem ævi sína enduðu í netinu svo?
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!
Baba, búbú, baba, bú!
Baba, búbú, baba, bú!
Þeir syntu og syntu og syntu út um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Næsta síða →

Annar hét Gunnar en hinn hét Geir,
þeir voru pínulitlir báðir tveir.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!
Baba, búbú, baba, bú!
Baba, búbú, baba, bú!
Þeir syntu og syntu og syntu út um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Hani, krummi, hundur, svín

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur mús tittlingur.
Galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir syngur.

Hákarlagið

Það var stelpa da-da-da-da-da-da-da!
Það var strákur da-da-da-da-da-da-da!
Þau fóru að synda da-da-da-da-da-da-da!
Þau syndu lengra da-da-da-da-da-da-da!
EN, það voru HÁKARLAR í sjónum!
"Waaaaaa!" (Allir öskra) Pabbi hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Mamma hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Litli hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Afi hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Amma hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Diskó hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Vitlaus hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Feiti hákarl
da-da-da-da-da-da-da!
Þeir bitu í hönd
da-da-da-da-da-da-da!
og aðra hönd
Þeir bitu í fót
da-da-da-da-da-da-da!
og annan fót
da-da-da-da-da-da-da!
Af því að þetta voru...
...HÁKARLAR!
"waaaaaaaa!" (Allir öskra)

Kalli litli könguló

Kalli litli könguló klifraði upp í tré.
Þá kom rigning og Kalli litli féll.
Upp kom sólin og þerraði hans kropp
og Kalli litli könguló klifraði upp í topp.

Kalli litli könguló klifraði upp í rúm.
Það er komin nótt og allt er orðið hljótt.
Mamma kemur inn og býður góða nótt,
Kalli litli könguló sofnar vært og rótt.

Kisan mín

Kisa mín, kisa mín
hvaðan ber þig að?
Ég kem nú frá London
þeim mikla og fræga stað.
Kisa mín, kisa mín
hvað gerðir þú þar?
Ég var að veiða mýsna
í höllu drottningar.
(Stefán Jónsson)

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn;
ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
;,: Komdu nú og kroppaðu með mér
krummi nafni minn. ;,:

Krumminn á skjánum

Krumminn á skjánum, kallar hann inn:
gef mér bita'af borði þínu, bóndi minn!
Bóndi svarar býsna reiður:
Burtu farðu, krummi leiður.
Líst mér að þér lítill heiður,
ljótur ertu'á tánum,
krumminn á skjánum.

Könguló á gólfinu

.;: Það er könguló sem spinnur vef á gólfinu. .;:
Hvað er hún að gera inni, hér í íbúðinni minni?
Það er könguló sem spinnur vef á gólfinu.

.;: Það er könguló sem spinnur vef á fætinum. .;:
Ég stappa fótunum og hoppa en hún ætlar ekki' að stoppa!
Það er könguló sem spinnur vef á fætinum.

.;: Það er könguló sem spinnur vef á maganum. .;:
Og svo hunsar hún mig bara er ég segi' henni að fara!
Það er könguló sem spinnur vef á maganum.

.;: Það er könguló sem spinnur vef á hálsinum. .;:
Nei, nú fór hún yfir strikið þetta kitlar allt of mikið!
Það er könguló sem spinnur vef á hálsinum.

.;: Það er könguló sem spinnur vef á nefinu. .;:
Það getur varla orðið verra því hún fær mig til að hnerra!
Það er könguló sem spinnur vef á nefinu... atjúú!

.;: Það er könguló sem spinnur vef í hárinu. .;:
Svo nú fer ég bara' í sturtu til að skola henni' í burtu!
Það er könguló sem spinnur vef í hárinu... en nú hoppar hún af!

.;: Það er könguló sem spinnur vef á gólfinu. .;:
Hún á ekki' að vera inni hér í íbúðinni minni!
Það er könguló sem spinnur vef á gólfinu...

Köngulóin með átta fætur

Það var eitt sinn Könguló sem hafði átta fætur.
Því þurfti hún að fara snemma á átta fætur og
fara í skóna og reima skóna á átta fætur
Hún taldi 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8 fætur.
Tralla lalla hummm tralla lalla.

Litlu andarungarnir

Litlu andarungarnir
allir synda vel, allir synda vel.
.;: Höfuð hneigja' í djúpið
og hreyfa lítil stél. .;:
Litlu andarungarnir
ætla út á haf, ætla út á haf.
Fyrst í fjarlægð skima
og fara svo í kaf. .;:

Nú skal syngja um dýrin

Nú skal syngja um kýrnar
sem baula hátt í kór,
þær gefa okkur mjólkina
svo öll við verðum stór.
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu ...

Nú skal syngja um hænsnin
Sem gagga endalaust
Þau gefa okkur egginn
svo öll við verðum hraust.
Egg, egg, egg, egg, egg
Ga ga gó, ga ga ga ga gó ...

Nú skal syngja um lömbin
sem jarma sætt og blítt,
þau gefa okkur ullina
svo okkur verði hlýtt.
Ull, ull, ull, ull, ull.
Me me me, me me me me me ...

Ugla

Það var gömul ugla
með oddhvasst nef,
tvö lítil eyru
og átta litlar klær.
Hún sat uppi' í tré
og svo komst þú,
Þá flaug hún í burtu'
og sagði: "Ú-ú-ú".

Upp á grænum, grænum

Upp á grænum, grænum himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu
bomm, bommm, bommm, bommm, bommm, bommm,
hún með fiðlu sér við vanga.
Þá læddist að þeim ljótur byssukarl
sem miðaði í hvelli.
En hann hitti bara trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.

Ýmis skemmtileg lög sem sungin eru allt árið í kring

Allir krakkar

Allir krakkar, allir krakkar
eru í skessuleik.
Má ég ekki mamma
með í leikinn þamma?
Mig langar svo, mig langar svo
að lyfta mér á kreik.
Allir krakkar, allir krakkar
eru að fara út.
Út með skóflu og fötu
en ekki út á götu.
Allir krakkar, allir krakkar
eru að fara út.
Allir krakkar, allir krakkar
eru að fara heim.
Heim til pabba og mömmu
líka afa og ömmu.
Allir krakkar, allir krakkar
eru að fara heim.

Bangsi lúrir

Bangsi lúrir, bangsi lúrir, bæli sínu í
Hann er stundum stúrin
Stirður eftir lúrin,
Að hann sofi, að hann sofi,
Enginn treystir því

Bátasmiðurinn

Ég negli og saga og smíða mér bát
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.
Og báturinn vaggar og veltist um sæ,
ég fjörugum fiskum með færinu næ.

Ég negli og saga og smíða mér hús
og inn í því eru köttur og mús.
Og kötturinn malar og mjálmar svo hátt,
en músin hún tístir kemur maturinn brátt.

Blómið fína

Ég er gula blómið fína, blómið fína.
Gulu blöðin vil ég sýna, vil ég sýna.
Kátir krakkar klöppum saman, klöppum saman.
Ofsalega er nú gaman, en nú gaman.
Ég er rauða blómið - Ég er græna blómið - Ég er bláa blómið

Datt í kolakassann

_____ datt í kolakassann
hæfadderí, fadderall-all-a.

_____ átti að passa 'ann/'ana
hæfadderí, fadderall-all-a.

Viðlag

Ef hún/hann _____ vissi það
þá yrði 'ann/'ún alveg steinhissa.
Hæfadderí, hæfaddera,
hæfadderí, fadderall-all-a.

Ef okkur langar lífið að léttu

Ef okkur langar lífið að léttu,
svona gerum við það.
Brosu blítt og beygjum fætur og
hristum hausinn, hristum rassinn,
hristum okkur öll.
Setjum hendur út, slá á mallakút
og svo setjum við á munninn stút. (setja stút á varir og smella x3)

Ég get

Ég get séð með mínum augum,
ég get heyrt með mínum eyrum.
Fundið lykt með mínu nefi
og fundið bragð með tungunni.
Ég get klappað með mínum höndum,
ég get stappað með mínum fótum.
∴ Ég get hrist, ég get hrist allann
minn kropp. ∴

Ég heyri svo vel

Ég heyri svo vel,
ég heyri snjóinn snjóa.
Ég heyri svo vel,
ég heyri grasið gróa.
Ég heyri svo vel,
ég heyri orminn mjóa.
Heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast,
heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel,
allt færast nær þér.
Þú finnur það vel,
þú kemur nær mér.
Þú finnur það vel,
allt fæðist í þér.
Andlitin lifna og húsin dansa
og vindurinn hlær.

Gúmmístígvél

Gúmmístígvél ganga hér
gul á litinn þykir mér.
Gott er að eiga góða skó
í rigningu og miklum snjó.
Gúmmístígvél hlaupa hér
rauð á litinn þykir mér.
Hlaupu ekki svona hratt
þú sem átt svo flottan hatt.
Gúmmístígvél dansa hér
græn á litinn sýnist mér.
Gott er að eiga græna skó
í sólskini og grænum mó.
Gúmmístígvél koma hér
blá þau eru sýnist mér.
Á þeim eru einhver göt
og þau eru orðin löt.

Göngum, göngum

Göngum, göngum, göngum upp í gilið,
gljúfurárþúann til að sjá.
Þar á klettasyllu svarti krummi
sínum börnum liggur hjá.

Góðan dag

(handahreyfingalag)

Góðan dag, kæra jörð. (gerum stóran hring fyrir jörðina fyrir framan okkur)

Góðan dag, kæra sól. (gerum stóran hring fyrir sól fyrir ofan okkur)

Góðan dag, kæru tré (gerum tré með báðum höndum)

og blómin mín öll. (gerum blóm að vaxa)

Sæl fiðrildin mín (gerum fiðrildi)

og lóan svo fín. (gerum fuglagogg með þumal fingri og vísifingri)

Góðan dag fyrir þig. (með báðum höndum fram)

Góðan dag fyrir mig. (með báðar hendur á brjóst)

Hér búálfur á bænum er

Hér búálfur á bænum er á bjálkalofti í dimmuni

Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu.

Hann stappar fótum, hoppar hátt

og haframjölið étur hrátt.

Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu.

Hvar ert þú?

Þumal fingur, þumal fingur,

hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég!

Góðan daginn, daginn, daginn!

(vísifingur, langatöng, baugfingur, litli fingur)

Lagið um heimsálfurnar

Viltu koma með til útlanda?

Heimsækjum saman allar heimsálfurnar!

Fljúgum eða siglum, tökum rútu eða lest.

Endum svo á Íslandi, því heima er best!

Evrópa, Asía og Afríka

Suðurskautið, síðan Ástralía-aaa Norður- og Suður-Ameríka

Heimsækjum saman allar heimsálfurnar!

Lagið um líkamann

Er þetta penni? - Nei, þetta er enni.
Er þetta kaka? - Nei, þetta er haka.
Er þetta Stebbi? - Nei, þetta er nebbi.
Er þetta Unnur? - Nei, þetta er munnur.
Er þetta tár? - Nei, þetta er hár.
Er þetta lunga? - Nei, þetta er tunga.
Er þetta skinn? - Nei, þetta er kinn.
Er þetta önd? - Nei, þetta er hönd.
Er þetta slingur? - Nei, þetta er fingur.
Er þetta hagi? - Nei, þetta er magi.
Eru þetta skæri? - Nei, þetta er læri.
Er þetta tré? - Nei, þetta er hné.
Er þetta gil? - Nei, þetta er il.
Er þetta ká? - Nei, þetta er tá.
Er þetta skass? - Nei, þetta er rass.

Litalagið

Gulur, rauður, grænn og blár,
svartur, hvítur, fjólublár.
Brúnn, bleikur, banani,
appelsína talandi.
Gulur, rauður, grænn og blár,
svartur, hvítur, fjólublár.

Meistari Jakob

Meistari Jakob, meistari Jakob,
sefur þú, sefur þú?
Hvað slær klukkan, hvað slær klukkan?
Hún slær þrjú, hún slær þrjú.

Rammsammsamm

;;: A-ramm samm samm,
a-ramm samm samm,
gúllí gúllí gúllí gúllí gúllí
ramm samm samm. ;;:
;;: Hér er ég, hér er ég,
gúllí gúllí gúllí gúllí gúllí
ramm samm samm. ;;:

Stóra brúin

Stóra brúin fer upp og niður, upp og niður, upp og niður.
Stóra brúin fer upp og niður, allan daginn.

Bílarnir aka yfir brúna, yfir brúna, yfir brúna.
Bílarnir aka yfir brúna, allan daginn.

Skipin sigla undir brúna, undir brúna, undir brúna.
Skipin sigla undir brúna, allan daginn.

Flugvélar fljúga yfir brúna, yfir brúna, yfir brúna.
Flugvélar fljúga yfir brúna, allan daginn.

Fiskarnir synda undir brúna, undir brúna, undir brúna.
Fiskarnir synda undir brúna, allan daginn.

Fuglarnir fljúga yfir brúna, yfir brúna, yfir brúna.
Fuglarnir fljúga, yfir brúna, allan daginn.

Börnin ganga yfir brúna, yfir brúna, yfir brúna.
Börnin ganga yfir brúna, allan daginn.

Stökur

Afi minn og amma mín
úti á Bakka búa.
Þau eru bæði sæt og fín
og þangað vil ég fljúga.
„úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa sa, HEY“
Fljúga hvítu fiðrildin
fyrir utan glugga.
Þarna siglir einhver inn
ofurlítinn dugga.
„úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa sa, HEY“
Sigga litla systir mín
situr út í götu.
Er að mjólka ána sín
í ofurlitla fötu.
„úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa sa, HEY“
Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður á bæi.
Að sækja bæði sykur og brauð
sitt af hvoru tagi.
„úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa sa, HEY“

Tröllalagið

Hérna koma nokkur risatröll, hó hó!
Þau öskra svo það bergmálar um fjöll hó hó!
Þau þramma yfir þúfurnar
svo fljúga burtu dúfurnar.
En bak við ský er sólin hlý í leyni.
Hún skín á troll svo verða þau að steini!

Upp á fjall

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður
alveg niður' á tún.

Við klöppum öll

Við klöppum öll í einu.
Við klöppum öll í einu.
Við klöppum öll í einu, það líkar okkur best.
(hoppum, stöppum, vinkum, læðumst, grátum, hlæjum, sofum, hvíslum, smellum o.s.
frv.)

Það búa litlir dvergar

Það búa litlir dvergar
Í björtum dal.
Á bak við fjöllin háu
Í skógarsal.
Byggðu hlýjan bæinn sinn,
Brosir þangað sólin inn.
Fellin enduróma
allt þeirra tal. (endurtekið veikt - bergmál)
Dvel ég í draumahöll
Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal,
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga.